




Stekkjaskóla, 3. febrúar 2026

Kæru forráðamenn nemenda í Stekkjaskóla

Með bréfi þessu viljum við minna á starfs- og foreldradagana sem eru fimmtudaginn 5. febrúar og föstudaginn 6. febrúar. Þessa daga mun nemendafélag skólans standa fyrir vöflukaffi og lengd viðvera verður í frístundinni Bjarkarbóli fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir.

Fimmtudagur 5. febrúar - starfsdagur

Þennan dag eru starfsmenn í ýmsum undirbúningi og umsjónarkennarar með nemenda- og foreldraviðtöl.

Föstudagur 6. febrúar - nemenda- og foreldradagur

Á föstudaginn er nemenda- og foreldradagur þar sem umsjónarkennarar hitta nemendur ásamt forráðamönnum.

Vöflukaffi nemendafélags Stekkjaskóla

Nemendafélag skólans stendur fyrir vöflukaffi þessa daga til styrktar félaginu. Salan verður opin kl. 12:30-16:00 fimmtudaginn 5. febrúar og kl. 8:30-12:00 föstudaginn 6. febrúar og fer fram í félagsaðstöðu nemenda í 2. áfanga. Frábært framtak hjá nemendum.

Kærar kveðjur, starfsmenn Stekkjaskóla

